

37

12. júní

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður með reglugerð eða reglugerðum, hvort, hvenær og hvernig gera skuli framangreindar ráðstafanir. Getur hún sett í þær þau ákvæði um sektir og málsmeðferð út af brotum á þeim, sem þurfa þykir.

Til þess að standast kostnað við ráðstafanir þær, sem um ræðir í þessari grein, má verja fé úr ríkissjóði.

3. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur, að viðlögðum allt að 100 króna dag-sektum, krafizt þess, að einstakir menn eða félög gefi því þær skýrslur um vöru-birgðir sínar og vöruþörf, sem því þykir þurfa til framkvæmdar ráðstöfunum þeim, sem heimilaðar eru í lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Egsteinn Jónsson.

38

12. júní

L Ö G

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83 23. júní 1932,
um raforkuvirki.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Staflíður d. í 7. gr. laganna orðist þannig:

- d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með inn-flutningi raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innanlands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra eða efni til þeirra skuli merkt sérstöku við-urkenningarmerki frá eftirlitsmanni ríkisins með raforkuvirkjum. Skal viður-kenningarmerkið vera staðfest af ráðherra og birtast í Stjórnartíðindum. Er eng-um heimilt að nota merkið, nema með leyfi eftirlitsmannsins og eftir þeim regl-um, er hann setur um það.

2. gr.

10. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforku-veitufyrirtækja skuli árlega greiða til eftirlitsins gjald, sem miðast við heildartekjur fyrirtækjanna af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptar raforku, og má nema allt að einum hundraðasta hluta af þeim, og að þeir, sem flytja inn til landsins raforkuvirki og hluta þeirra eða gera þau innanlands, greiði til eftir-litsins gjald, sem miðast við innkaupsverð virkjanna, en söluverð þeirra frá verk-

smiðju, ef þau eru gerð hér, og má nema allt að $\frac{3}{4}\%$ af því. Undanþegin því gjaldi 38
skulu þó vera þau raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins. 12. júní

Heimila má eiganda raforkuvers eða raforkuveitufyrirtækis að leggja helming gjaldsins á rafmagnskaupendur í hlutfalli við orkukaup þeirra.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar, og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, þá má miða gjaldið við stærð rafala í orkuveri, og má það nema allt að 2 krónum á hvert kílóvatt í málaun þeirra.

Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjaldanna. Hann getur heimilað stöðvun á rekstri virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem ekki er öðruvisi ákveðið í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim. Veitist fé til þess árlega í fjárlögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

39

um breyting á lögum nr. 45 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni. 12. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Heimilt er að færa þessar aukavarðlinur til, enda þótt þær styttest eða lengist nokkuð við færsluna, ef nefndinni virðist það nauðsynlegt til þess að hindra útbreiðslu veikinnar.

2. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 7. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Nú hefir aukavarðlina verið sett samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og veikinnar ekki orðið vart innan hennar að minnsta kosti árlangt frá því girt var, og er þá framkvæmdanefnd mæðiveikivarnanna heimilt að ákveða, að varzlan meðfram varðlinunni og viðhald girðingar verði kostuð af ríkissjóði á sama hátt